

Munck Íslandi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 27. nóvember 2020  
UST202011-041/H.R.A.  
08.08.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. nóvember sl. þar sem stofnunin áfórmáði að áminna rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti stofnunarinnar hjá Munck Íslandi ehf. þann 18. september 2019 og 10. október 2018. Rekstraraðili hafði unnið að úrbótum frávika samkvæmt eldri úrbótaáætlun frá 10. janúar 2020.

Þann 7. júlí sl. fór fram eftirlit á starfsstöð rekstraraðila í Hafnafirði og í ljós kom að úrbótum hefði ekki verið sinnt samkvæmt þeirri áætlun. Þann 13. nóvember sl. barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila. Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila kom fram að eldri áætlun rekstraraðila hafi gert ráð fyrir að starfsemi malbikunarstöðvarinnar hafist að nýju í maí 2020 en það hafi ekki gengið eftir. Uppfærð úrbótaáætlun tekur mið af því að starfsemi í stöðinni hefjist ekki fyrr en árið 2022.

### Frávik frá eftirliti 2019 eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk fái kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum. Fram kom í eftirliti að engin námskeið væru haldin. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila mun þjálfun og kennsla starfsfólks fara fram áður en framleiðsla hefst að nýju en eigi síðar en 1. maí 2022.**
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Skipulag og umgengni um rekstrarsvæðið eru ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi, svæðið er illa skipulagt og umgengni slæm. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að Álhella 18 er framkvæmdasvæði. Unnið er að frágangi lóðarinnar. Verður frágangi lokið áður en framleiðsla hefst aftur. Eigi síðar en 1. maí 2022.**
3. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats þar sem taka skal á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Viðbragðsáætlun var ekki tiltæk við eftirlit. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila verður viðbragðsáætlun um mengunaróhöpp samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar tilbúin áður en starfsemi hefst að nýju en eigi síðar en 1. maí 2022.**
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók og skulu skráningar vera aðgengilegar

eftirlitsaðila. Engar skráningar eru gerðar hjá rekstraraðila. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila verður úrbótum lokið áður en starfsemi hefst að nýju en eigi síðar en 1. maí 2022.**

5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.6 og 3.7. Mælingar hafa ekki farið fram. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila munu útblástursturmælingar fara fram um leið og full framleiðsla fer í gang að nýju. Í síðasta lagi fyrir 1. júlí 2022.**
6. Gr. 4.8 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Niðurstöðum skal skila árlega. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila verður grænu bókhaldi vegna rekstraráranna 2018 og 2019 skilað inn eigi síðar en 31. desember 2020.**

**Frávikan frá eftirliti 2018 eru eftirfarandi:**

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Skipulag og umgengni um rekstrarsvæðið eru ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi, svæðið er illa skipulagt og umgengni slæm. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að Álhella 18 er framkvæmdasvæði. Unnið er að frágangi lóðarinnar. Verður frágangi lokið áður en framleiðsla hefst aftur. Áætluð verklok eru 1. maí 2022.**
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 2.3 á aðgangur óviðkomandi á svæðinu að vera bannaður. Við lóð malbikunarstöðvarinnar var skilti sem á stóð að aðgangur óviðkomandi væri óheimill en engin girðing er um lóðina og telst skiltið eitt og sér ekki fullnægjandi til að tryggja að óviðkomandi komi inn á svæðið. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila hefur girðing verið sett upp á lóðarmörkum nema milli lóðar 17 og 18. Aksturshlið eru við inn- og útkeyrlur. Eingöngu starfsmenn Munck Íslandi hafa aðgang að lóðinni. Óviðkomandi bílaumferð kemst ekki um svæðið og umferð gangandi inná svæðið er ekki um að ræða nema með príli. Telur rekstraraðili að umræddu fráviki sé þar með lokið. Úrbætur verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti.**
3. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 2.3 eiga akstursleiðir á svæðinu að vera malbikaðar en svo er ekki. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila stendur jarðvinna yfir á svæðinu. Akstursleiðir verða malbikaðar um leið og framleiðsla hefst að nýju. Áætluð verklok eru 1. maí 2022.**
4. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Í gr. 3.2. í starfsleyfi segir að rykmengun skuli haldið í lágmarki með því t.d. að reisa skjólveggi eða nota vökvunarþúnað sem þolir frost og íslenskar veðuraðstæður. Á staðnum voru nokkrar slöngur sem starfsmenn höfðu notað til að vökva hráefnahauga en það er ekki fullnægjandi. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila verða lagnir fyrir vökvunarkerfi í samræmi við fyrirliggjandi rykbindiáætlun lagðar á lóðamörkum. 5 vatnsbyssur ásamt slöngum eru tiltaekar ef hefta þarf rykfok. Megnið af efnishaugum er farið af svæðinu þannig að uppsprettar rykmengunar er ekki lengur til staðar. Áætluð verklok úrbóta eru 1. apríl 2022.**
5. Gr. 3.7 í starfsleyfi. Í gr. 3.7 segir að úðun vörubílpalla skuli fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Ekki er til staðar neitt plan fyrir úðun vörubílpalla heldur fer það fram á möl. **Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila mun úðun vörubílpalla með**

**repjuolíu framvegis fara fram á steyptu/malbikuðu plani sem tengt væri við olíuskilju. Áætluð verklok úrbóta voru 1. maí 2022.**

6. Gr. 3.8 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 3.8 á frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva að vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017. Í gr. 43 í reglugerðinni er varðar kröfur til lausageyma segir að öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir skuli tryggðar við rekstur lausageyma. Við malbikunarstöðina voru tveir lausageymar sá malarplani án nokkurra árekstrar eða lekavarna. Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila standa engir lausageymar utan öryggisþróa og árekstravarna lengur og telur hann fráviki lokið. Úrbætur verða tekna út í næsta reglubundna eftirliti stofnunarinnar.
7. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Samkvæmt gr. 4.2 á að vera til staðar verklag eða tæknilegar lausnir til að fylgjast með virkni reykhléinsivirkis. Ekki er neinn slíkur búnaður eða verklag til staðar hjá rekstraraðila. Í uppfærðri úrbótaáætlun vísaði rekstraraðila til viðauka II, þar sem er að finna lýsingu á því verklagi sem viðhaft er til þess að fylgjast með virkni reykhléinsivirkis. Niðurstöður innra eftirlits verða skráðar á meðfylgjandi eyðublað. Úrbótum verði lokið fyrir 1. maí 2022.
8. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Í gr. 4.3 í starfsleyfi segir að setja skuli upp myndavélæftirlit til að fylgjast með rykmyndun á svæðinu. Þetta myndavélakerfi er ekki til staðar. Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila eru til staðar eftirlitsmyndavélar sem sýna innkeyrslur og útblástur malbikunarstöðvar og til þess að fylgjast með rykmyndun frá efnishaugum og telja þeir því fráviki lokið. Úrbætur verða tekna út í næsta reglubundna eftirliti stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða tekna út í næsta eftirliti, þar sem við á. Vert að áréttu að samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila tekur hún mið af því að starfsemi í stöðinni hefjist ekki fyrr en árið 2022. Umhverfisstofnun vill undirstrika mikilvægi þess að ef til álita kemur að starfsemin hefjist fyrr er það ófrávirkjanlegt skilyrði að úrbótaáætlun rekstraraðila verði uppfærð áður en til þess kæmi. Enda miðast flestar úrbætur sem stofnunin samþykkir við að úrbótum verði lokið áður en framleiðsla hefst að nýju í stöðinni.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir að öðru leyti mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 31.680 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis